

Flutningsleiðir rafmagns

Rýnihóparannsókn um áhrif mismunandi
valkosta um flutningsleiðir rafmagns





Lýsing á rannsókn

Unnið fyrir	Hagfræðistofnun Háskóla Íslands
Markmið rannsóknar	Að rýna spurningar úr forkönnun um mismunandi valkosti flutningsleiða rafmagns og útfærslu á þeim
Dagsetning skýrsluskila	9.1.2019

Ábyrgðaraðilar

Framkvæmd	Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
Undirbúningur og gagnaöflun	Guðný Gústafsdóttir Guðný Bergþóra Tryggvadóttir
Úrvinnsla	Guðný Gústafsdóttir
Skýrslugerð	Guðný Gústafsdóttir
Yfirlestur	Guðlaug Júlía Sturludóttir



EFNISYFIRLIT

Efnisyfirlit	2
Helstu niðurstöður	3
Markmið rannsóknar	3
Aðferð	3
<i>Rýnihóparannsókn</i>	<i>3</i>
<i>Val á þátttakendum og framkvæmd</i>	<i>3</i>
<i>Skráning og úrvinnsla gagna</i>	<i>4</i>
Niðurstöður	5
<i>Inngangur</i>	<i>5</i>
<i>Rýnihópur A</i>	<i>5</i>
<i>Bakgrunnsspurningar</i>	<i>5</i>
<i>Lykilspurningar</i>	<i>6</i>
a. <i>Texti</i>	<i>6</i>
b. <i>Myndir</i>	<i>7</i>
<i>Rýnihópur B</i>	<i>9</i>
<i>Bakgrunnsspurningar</i>	<i>9</i>
<i>Lykilspurningar</i>	<i>9</i>
a. <i>Texti</i>	<i>9</i>
b. <i>Myndir</i>	<i>10</i>
Heimildir	14

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

- Einfalda þarf innihald könnunar og gera aðgengilegt fyrir almenning
- Einfalda þarf texta könnunarinnar og útskýra innihaldið mun betur
- Endurskrifa texta og gera hann eins hlutlausan og mögulegt er
- Myndir þarfnast betri útfærslu og myndu margar græða á teikningum
- Vantar kort af svæði I
- Mál og myndir af möstrum þurfa að fylgja spurningum
- Teikna þarf allar línur inn á kort
- Útskýra þarf hvort hægt sé að nýta gamlar línur og ef ekki af hverju
- Útskýra þarf mun betur hvaða rask og á hve stóru svæði framkvæmdir á verndarsvæði hafa í för með sér og hvernig framkvæmdaraðilar hyggjast græða upp svæðið

MARKMIÐ RANNSÓKNAR

Að beiðni Hagfræðistofnunar HÍ gerði Félagsvísindastofnun HÍ rýnihóparannsókn meðal þátttakenda forkönnunar á spurningalista um afstöðu fólks til mismunandi valkosta um flutningsleiðir rafmagns og útfærslu á þeim. Markmið rannsóknarinnar var að rýna spurningar úr forkönnuninni fyrir framkvæmd netkönnunar meðal almennings.

AÐFERÐ

Rýnihóparannsókn

Umræður í rýnihópum er ein leið til gagnasöfnunar þegar eigindlegum rannsóknaraðferðum er beitt. Rýnihópaviðtöl eru til þess fallin að fá dýpri innsýn í skoðanir fólks um tiltekin málefni en fást með spurningakönnunum. Í viðtölunum er leitast við að fá upplýsingar um hvaða merkingu þátttakendur leggja í það sem verið er að rannsaka og hvernig þeir skilja og skilgreina tiltekna hluti. Umræðuefnið er fyrirfram ákveðið en innihald samræðnanna ekki. Umræðustjóri hvetur þátttakendur til að tala um það sem skiptir máli fyrir rannsóknina en gefur þeim jafnframt tækifæri til að tala frjáltslega út frá eigin sjónarhorni. Í rýnihóparannsóknum eru fáir þátttakendur og áhersla er lögð á að sjónarmið allra fái að heyrast (Bogdan og Biklen, 1998).

Val á þátttakendum og framkvæmd

Þátttakendur rýnihópanna voru fengnir með því að hafa samband við þá sem tóku þátt í forkönnun rannsóknarinnar. Þátttakendum var skipt í tvo hópa, A og B. Þrettán manns voru boðaðir í hvorn rýnihóp og mættu fimm í fyrri hópinn og átta í þann seinni. Aldur og kyn

Þátttakenda dreifðist nokkuð jafnt og voru allir þátttakendur frá höfuðborgarsvæðinu. Umræðurnar fóru fram í fundarherbergi Félagsvísindastofnunar HÍ og stóðu yfir í klukkustund í hvorum hópi.

Fyrir viðtölin var gerður viðtalsrammi í samráði við verkkaupa með þeim atriðum sem ætlunin var að rýna. Viðtölin hófust á inngangi þar sem umræðustjóri skýrði tilgang og ávinning rannsóknarinnar og bað þátttakendur að kynna sig. Þar sem engar persónugreinanlegar upplýsingar eru gefnar upp í niðurstöðum var kveikt á upptökutæki að lokinni kynningu. Umræðan hófst með almennu spjalli um þekkingu þátttakenda á landinu. Þessu var síðan fylgt eftir með spurningum og umræðum sem fylgdu viðtalsramma rannsóknarinnar. Viðtalsramminn skiptist í grófum dráttum í þrennt: rýni á bakgrunnsspurningum, rýni á lykilspurningum könnunar og viðhorfum þátttakenda til rannsóknarinnar. Í lok viðtalanna voru viðmælendur spurðir hvort þeir vildu bæta einhverju við. Þannig var þeim gefinn kostur á að koma á framfæri öðru sem tengdist könnuninni sem féll ekki endilega að efnisatriðum viðtalsrammans.

Skráning og úrvinnsla gagna

Viðtölin voru tekin upp og afrituð orðrétt. Í gagnagreiningu var stuðst við sniðmátsaðferð en hún er notuð í eiginlegum rannsóknum sem snúast um fyrirfram ákveðna efnispætti sem leitað er svara við (King, 2012). Gögnin voru þemagreind og í niðurstöðukafla er gerð grein fyrir helstu þemum sem til umræðu voru í rýnihópunum.

Viðmælendum var heitið trúnaði og verða viðtölin hvergi birt í heild sinni. Við greiningu og skrif upp úr viðtölunum eru þátttakendur ekki nafngreindir, né er vitnað beint í þá ef talið er að hægt sé að rekja upplýsingarnar til viðkomandi. Niðurstöður eru birtar sem sjónarmið tveggja hópa í stað þess að lýsa skoðunum ákveðinna einstaklinga.

NIÐURSTÖÐUR

Inngangur

Skýrsla þessi er unnin af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands að beiðni Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands og byggir á rýni á forprófunarspurningum um afstöðu fólks til mismunandi valkosta um flutningsleiðir rafmagns. Markmið rýnihóparannsóknarinnar er að skoða hvort texti og myndir spurningalistans séu nægilega skýrar og skilmerkilega settar fram og til þess fallnar að skila tilætluðum árangri. Afrakstur rýnnar verður nýttur til þess að bæta spurningalista könnunarinnar sem síðan verður lögð fyrir almenning og er ætlað að nýtast í stefnumótun og ákvarðanatöku.

Viðtalsramma rýnihópanna var í grófum dráttum skipt í þrennt: bakgrunnsspurningar sem staðsettu þátttakendur könnunarinnar eftir kyni, menntun, búsetu, tekjum o.fl., lykilspurningar sem skiptust í myndir, spurningar og upplýsingar, og loks almennt viðhorf þátttakenda til rannsóknarinnar. Þemun sem greind voru í hverjum þætti fyrir sig hverfðust efnislega um inntak og tilgang spurninganna og sköruðust gjarnan innbyrðis en jafnframt gaf rýnin innsýn í afstöðu fólks til málefna tengda könnuninni. Í upphafi viðtalanna voru þátttakendur spurðir um þekkingu þeirra á landinu sem reyndist afar misjöfn. Sumir áttu rætur að rekja til landsbyggðarinnar, aðrir höfðu ferðast mikið og enn aðrir höfðu litla tengingu við aðra landshluta en höfuðborgarsvæðið.

Rýnihópur A

Bakgrunnsspurningar

Viðmælendur rýnihóps A voru almennt sammála um að bakgrunnsspurningar væru gagnlegar og til þess fallnar að gefa innsýn í mismunandi afstöðu fólks eftir félagslegri stöðu þess. Þannig kom fram að búseta, menntun og starf svarenda gætu skipt máli en jafnframt var bent á að það væri misjafnt eftir því hvaða mál væri verið að rannsaka hvaða bakgrunnsspurningar ættu við. Einhverjir þátttakenda voru þeirrar skoðunar að svarmöguleikar einstaka spurninga væru óþarflega margir og stundum gæti sami einstaklingur hakað við fleiri en einn valkost. Þannig geta tekjur fólks geta verið misjafnar á milli mánaða svo eitthvað sé nefnt. Af þessu má draga þá ályktun að bakgrunnsspurningar gefi ekki tæmandi mynd af þeim hópum sem þátttakendur kannana mynda, heldur gefi þær frekar vísbendingar um afstöðu þeirra hópa sem sem rannsakendur kannana skipta eftir tilteknum bakgrunnsspurningum.

Lykilspurningar

a. Texti

Þar sem efni rannsóknarinnar er ekki almenns eðlis hafa lykilspurningar og útskýringartexti þann tilgang að upplýsa þátttakendur jafnóðum um efnisatriði könnunarinnar.

Lykilspurningarnar eru því langar og ítarlegar. Aðspurð um hvort spurningarnar séu skýrt orðaðar og innihald þeirra komist til skila voru þátttakendur ekki á einu máli. Álit þeirra skiptist í grófum dráttum í tvö sjónarmið. Á meðan sumum fannst textinn almennt „mjög skýr“ líkt og einhver sagði, fannst öðrum hann á köflum mjög tyrfinn eða eins og einn þátttakandi orðaði það: „Stundum er maður algjörlega kominn í þrot. Þegar maður þarf að byrja aftur og aftur til að skilja þetta“. Þátttakendur sammæltust um að almennt mætti einfalda lykilspurningar og útskýringartexta til þess að tryggja jafnan skilning þátttakenda á efninu og í sumum tilfellum mætti bæta við einföldum upptalningum eða myndum til frekari útskýringa.

Sem dæmi um upptalningu eða skýri-mynd sem gæti styrkt könnunina var bent á, að þar sem einungis er minnst á Landsnet í könnuninni en ekki önnur fyrirtæki sem vinna, dreifa eða selja raforku, gæti verið gagnlegt að lista upp alla aðila. Íslenskur raforkumarkaður er orðinn umtalsvert flóknari á síðustu árum en áður var og ætla má að fólk sé almennt ekki meðvitað um framboð og hlutverk hinna ýmsu raforkufyrirtækja í dag.

Þá var aðgengi að upplýsingum um raforkukostnað heimila rætt. Á sama tíma og einn þátttakandi benti á að „fyrirtækin sem reka þessa þjónustu [eru] miklu duglegri að senda upplýsingar heldur en var áður“ og auðvelt sé að verða sér úti um upplýsingar af heimasíðum, kom fram í umræðu rýnihópsins að upplýsingar um raforkukostnað heimila fólks og aðgengi að þeim voru þátttakendum ekki ljósar. Þátttakendur voru almennt ekki vissir um eigin kostnað eða hvort og hvar mögulegt væri að nálgast sundurliðaðan kostnað, að undanskildum einum þátttakanda sem fylgdist grannt með sínum málum og „vissi þetta [raforkuverð] upp á krónu“. Því er ekki úr vegi að velta fyrir sér hvort leiðbeiningar um hvar og hvernig þátttakendur nálgast upplýsingar um raforkukostnað heimila mættu fylgja könnuninni.

Kostnaður var miðlægt hugtak í könnuninni í víðasta skilningi. Í rýnihópnum kom fram að þátttakendur voru meðvitaðir um hagstætt verð á rafmagni á Íslandi í samanburði við önnur lönd sem væri almennt til hagsbóta fyrir landsmenn en á sama tíma var rýnihópurinn sammála um að aðgengi að gæðunum væri misjafnt eftir landshlutum og hindranir í afhendingu og aðgengi að rafmagni stæðu landsbyggðinni fyrir þrifum. Þannig tók einn þátttakandi fram að aðgengisvandamál beinlínis „hamla[ði] uppbyggingu atvinnulífsins“ á landsbyggðinni sem aftur hefði áhrif á uppbyggingu byggðar og rafmagnsöryggi íbúanna, og þar með búsetuvalkost. Þá

var rýnihópurinn almennt á einu máli um að það væri sanngjarnt að dreifa kostnaði jafnt niður á íbúa allra landshluta og fannst því eðlilegt að fólk á höfuðborgarsvæðinu tæki þátt í auknum kostnaði við bættu þjónustu við íbúa Norðurlands svo dæmi sé nefnt. Upplýsingar í könnun um truflanir á rafmagnsflutningi á Norðurlandi eystra þóttu því gagnlegar og til þess fallnar að setja hlutina í samhengi fyrir þátttakendur, eða líkt og einn þeirra tók til orða:

Þannig að maður sem býr í Reykjavík, að maður átti sig á því [að á Norðurlandi eystra eru truflanir]. Og þá er maður líka miklu samþykkari því að fara í þessa framkvæmd. Þannig að maður vill náttúrulega að það sé eins hjá öllum. Þó að maður þurfi að borga eitthvað aðeins meira fyrir það. [...] Þetta er náttúrulega landið.

Á sama tíma var þátttakendum ekki að fullu ljóst hvort sumar eða allar framkvæmdir við rafmagn fælu sjálfkrafa í sér aukinn kostnað fyrir almenning. Þannig var því velt upp hvort umræddar framkvæmdir á Norðurlandi væru endurnýjun eða viðbót fyrir íbúa svæðisins og hvort virkjanaf framkvæmdir fælu líka í sér aukinn kostnað fyrir almenning í landinu en þátttakendur voru flestir ósáttir við þá hugmynd. Af þessu má draga þá ályktun að texti spurninganna eða útskýringatexti þarf að yrða markmið fyrirhugaðra framkvæmda á nákvæmari máta, þ.e.a.s. hvaða tilgangur liggur að baki framkvæmdunum og hvað fela þær í sér.

Þá kölluðu þátttakendur eftir nákvæmari útlistun á muninum sem felst í því að leggja jarðstreng eða loftlínu. Þannig þurfi að koma skýrt fram hver kostnaðarmunurinn er, hvað felst í honum og af hverju, hver er viðhaldskostnaður í báðum tilfellum og hver eru mengunaráhrif beggja valkosta.

b. Myndir

Val um möstur

Umræður rýnihópsins leiddu í ljós að til bóta hefði verið að hafa nánari útfærslur og skýringar við myndirnar í könnuninni og einn þátttakandi orðaði það sem svo að „textinn [væri] almennt mjög skýr í þessu en myndirnar veikleikinn.“ Fyrstu myndirnar sem varpað var upp á tjald í rýninni voru fjórir valkostir mastra sem sýndir voru í sama landslagi; aftan við tún sem liggur við rætur fjalls, með innpakkaða heybagga í forgrunni. Misjafnt var hvort þátttakendur opnuðu myndirnar í tölvu eða síma. Myndirnar þóttu óskýrar og erfitt að sjá muninn á þeim möstrum sem stillt var upp sem valkostum. Einn þátttakandi sagði orðrétt: „Mér fannst þær [myndirnar] mjög áhugaverðar. Af því ég sá aldrei staurana.“ Nokkrar tillögur að útbótum voru nefndar á

fundinum sem gætu auðveldað þátttakendum að velja möstur. Þar má helst nefna teikningar af möstrunum hlið við hlið með upplýsingum um stærð, þ.e. hæð og breidd hvernar masturstegundar. Jafnvel væri hægt að hafa teikningu af manneskju við hliðina á þeim svo fólk áttaði sig betur á stærðinni. Skoðun þátttakenda á að hafa landslagsmynd var misjöfn. Sumum fannst það góður kostur þar sem það sýndi hvað „staurarnir sjást lítið í þessu landslagi“ líkt og einn benti á en öðrum fannst einfaldlega „spurning með þetta tún“ þ.e.a.s. hvort landslagið sem slíkt skipti einhverju máli.

Upplýsingar um verndarsvæði

Næst voru myndir af verndarsvæði til umræðu í rýnihópnum. Flestum þótti textinn skýr en að það vantaði upp á þær upplýsingar sem gerði þátttakendum kleift að meta aðstæður. Þannig þyrfti valkostinum um jarðstreng að fylgja upplýsingar um hversu stórt svæði um væri að ræða, hvers konar jarðvegur yrði fyrir raski og hvernig stæði til að rækta hann upp aftur. Í þessu samhengi var sérstaklega talað um mosann á annarri myndinni og að það tæki mörg hundruð ár fyrir slíkan gróður að jafna sig. Valkostunum ætti því að stilla upp sem val á milli jarðrasks eða sjónrasks í stað þess að „snúast alltaf um peninga.“ Þá fannst einhverjum svartur hraunjarðvegur eftir endilangri mynd villandi. Einhverjir töldu að fólk myndi álykta að hraunrákin væri ummerki jarðvegsrasks, aðrir að um manngerðan stíg væri að ræða o.fl. Myndir sem þessar myndu því einnig græða á stuttri lýsingu.

Kort af svæði

Næst var mynd af korti rædd í rýnihópnum. Kortið þótti í sjálfu sér skýrt en það sýnir tvær línur, Hólalandslínu 3 merktá með dökkbláum lit og Laxárlínu 1 sem er merkt gulum lit. Litirnir sem valdir voru á línurnar tvær þóttu fela í sér ákveðna afstöðu sem leiddu þátttakendur á ákveðna braut. Þannig sker Hólalandslína sig úr landslaginu á meðan Laxárlína féll inn í kortið og verður hluti „náttúrulegs“ umhverfis. Þátttakendur sammæltust um að hafa ætti línurnar báðar annað hvort í áberandi eða lítt áberandi lit. Þá þótti þátttakendum leiðandi og „óþarfi“ að geta þess í texta að annar valkosturinn fæli í sér hækkun rafmagnsreiknings og minnkaði þar með möguleika fólks á að eyða peningum annars staðar.

Valtilraun

Síðustu myndirnar sem voru ræddar í hópnum voru myndir sem skýra áttu valkostina tvo, á milli jarðstrengs og loftlínu. Myndirnar þóttu í besta falli óskýrar og í raun enginn sjáanlegur munur á valkostunum að undanskildum kostnaði. Landslagsmyndirnar eru eins, teikningarnar áþekkar og eini munurinn, sem snertir neytendur og þar með þátttakendur beint, er upphæðin sem greidd er á mánuði. Uppsetningin þótti leiðandi því þar sem lítið annað skilst hljóti fólk að

velja ódýrari kostinn. Engar ábendingar komu þó fram um hvernig mætti bæta myndaspurningarnar.

Aðspurður var rýnihópurinn sammála um mikilvægi þess að kannanir á borð við þessa væru lagðar fyrir almenning. Þátttakendur lýstu ánægju sinni yfir að Háskóli Íslands og stofnanir og fyrirtæki ættu í samvinnu og samtali við fólkið í landinu um framkvæmdir og ráðstöfun á almannafé. Öll aðkoma að stefnumótun og ákvarðanatöku væri valdeflandi fyrir almenning, yki ábyrgðartilfinningu fólks og væri ómissandi hluti lýðræðisins.

Rýnihópur B

Bakgrunnsspurningar

Þátttakendur rýnihóps B voru í heildina sammála um að bakgrunnsspurningar skiptu máli og það gæti verið gagnlegt að fá innsýn í mismunandi viðhorf fólks eftir samfélagsstöðu. Tegund og fjöldi bakgrunnsspurninga ættu þó að mati viðmælenda að taka mið af efni könnunar. Þá kom fram ábending um að það mætti bjóða þátttakendum upp á að geta hakað í fleiri en einn valkost í bakgrunnsspurningum þar sem dæmi væru um að að sami einstaklingur geti verið bæði ekkill/ekkjja og í sambúð, fólk sé bæði í vinnu og námi eða á ellilífeyri og í vinnu. Í þannig tilfelli sagði einn þátttakandi rýnihópsins: „Ég svara til skiptis að ég sé á eftirlaunum eða í hlutastarfi. Eftir því hvernig liggur á mér.“ Bakgrunnsbreyturnar þurfa með öðrum orðum að taka mið af margbreytilegri stöðu fólks.

Lykilspurningar

a. Texti

Þátttakendur rýnihópsins sammæltust um að texti könnunarinnar einn og sér væri fremur skýr og skilmerkilegur en jafnframt að innihald hans væri almennt leiðandi og beindi þátttakendum í ákveðna átt með því til dæmis að hafa eina skýrt greinanlega valkostinn krónutölu sem félli í hlut þátttakenda að greiða. Tilgangur og útkoma boðaðra framkvæmda væri alla jafna á huldu en þar sem almenningi væri boðin aðkoma að ákvarðanatöku væri ábyrgð á útkomunni varpað á almenning. Almenningur væri þannig í raun gerður ábyrgur fyrir einhverju sem hann gæti ekki borið fullt skynbragð á. Rýnihópurinn lagði því til að textinn yrði í heild sinni stokkaður upp, einfaldaður og gæddur hlutleysi. Dregið yrði verulega úr áherslu á fyrirhugaðan kostnaðarauka og áherslan frekar lögð í nákvæma framsetningu staðreynda. Með öðrum orðum var kallað eftir því að þátttakendum yrði gert kleift að taka upplýsta ákvörðun.

Fyrsti textinn sem var varpað upp á tjald í rýnihópnum var um rafmagnsreikning heimila og fyrirtækja. Þátttakendur rýnihópsins voru flestir sammála um að textinn sem slíkur væri skýr

en gagnrýndu um leið innihaldið. Bent var á, að notendur rafmagns væru bæði einstaklingar og fyrirtæki en textinn tæki ekki mið af því heldur gerði sjálfkrafa ráð fyrir að almenningur greiddi kostnað sem hlytist af öllum framkvæmdum sem ráðist væri í óháð þjónustuaðila. Þannig að ef það þurfi að „efla dreifikerfi til þess að það sé hægt að þjónusta síldarverksmiðjur eða [iðnfyrirtæki] þá [sé] ekkert sjálfgefið að þær framkvæmdir þurfi endilega að vera greiddar af öllum“ segir t.a.m. einn viðmælandi. Einn viðmælandi sagðist af þessum sökum hafa fengið „neikvæða ímynd af Landsneti“ við lestur spurningarinnar og annar líkti framsetningunni við viðbyggingu hótels til þess að undirstrika óréttmæti kostnaðaraukans sem framkvæmdin á að hafa í för með sér:

Hótel sem byggir viðbyggingu, það hækkar ekkert verðið á öllum herbergjunum, bara af því þeir byggðu viðbyggingu. Það er bara fjárfesting til framtíðar. Og þeir eru bara í allt öðru samkeppnisumhverfi. Þeir geta ekki hækkað hótélherbergin, en þeir geta hækkað raforkuna. Af því við getum ekki verið án hennar. Það er dálítið megininntakið í þessu.

Fyrirhuguð verðhækkun var með öðrum orðum ekki talin sjálfsögð af þátttakendum rýnihópsins og jafnvel ósanngjörn af nokkrum þeirra.

Þegar upplýsingatexta um Hólasandslínu 3 var varpað upp og hann ræddur kom fram að ekki allir áttuðu sig á umræddu svæði og einhverjir í hópnum töldu að það hefði aukið gæði könnunarinnar ef kort af svæðunum hefðu fylgt textanum. Þá var skortur á valkosti gagnrýndur þ.e.a.s. því að þátttakendum væri gefinn kostur á að velja sig frá Hólasandslínu 3, eða með orðum þátttakanda: „Er einhvers staðar spurt: Viltu Hólasandslínu 3? - sem sagt beinum orðum, Já, eða Nei?“. Þess í stað takmarkast val þátttakenda einungis við að velja á milli masturstegunda og kostnaðar við framkvæmd sem þegar er búið að ákveða að muni eiga sér stað.

Í rýninni á rafmagnsreikning meðal heimilis og spurningu um rafmagnskostnað þátttakenda kom í ljós að margir þátttakenda vissu ekki nákvæma upphæð. Nokkrir höfðu leitað eftir upplýsingum og sundurliðun á netinu án árangurs. Í hópnum voru þó einhverjir sem höfðu nákvæmar upplýsingar.

b. Myndir

Val um möstur

Skiptar skoðanir voru meðal þátttakenda um gæði myndanna í könnuninni. Sem dæmi fannst einhverjum þær „dálíð góðar“ á meðan annar lýsti þeim sem „mjög lélegum“. Í heildina taldi hópurninn þó að betur þyrfti að gera þannig að allir þátttakendur ættu auðvelt með að átta sig á

efni myndanna. Fyrstu myndirnar sem var varpað upp var sería af myndum þar sem þátttakendum var gert að velja á milli masturstegunda sem stillt var upp í einföldu, íslensku sveitalandslagi. Í bakgrunni mastranna var fjall en í forgrunni tún sem búið var að heyja. Flestir þátttakenda höfðu átt erfitt með að sjá mun á masturstegundunum hvort heldur sem var í tölvu eða síma og sammæltist rýnihópurinn um nauðsyn þess að bæta gæði myndanna sem og setja inn teikningar af mismunandi tegundum mastra með nánari upplýsingum um stærð þeirra og jafnvel með manneskju við hliðina þannig að fólk áttaði sig betur á umfangi þeirra. Það sjónarmið kom fram að landslagsmyndin sem slík væri í sjálfu sér ekki slæm þar sem hún sýndi það umhverfi sem möstrin kæmu til með að standa í. Þá var kallað eftir nánari upplýsingum um gerð mastranna, kosti þeirra og galla, upplýsingum um hvernig þau þyldu ágang íslensks veðurs og upplýsingum um viðhaldskostnað. Ódýrari möstur með miklum viðhaldskostnaði væri t.d. ekki ódýrari kostur til lengri tíma litið.

Upplýsingar um verndarsvæði

Tveimur myndum af verndarsvæði var því næst varpað upp. Textinn sem fylgdi myndunum þótti leiðandi en þar stendur að „tvöfalt meira jarðrask“ fylgi öðrum valkostinum sem þátttakendur eru kynntir fyrir. Orðalagið veldur því að mati þátttakenda að þeir sem vilja sem minnst hrófla við náttúru verndarsvæðis hneigjast ósjálfrátt til þess að kjósa sig frá þeim kosti. Einn þátttakandi sem kunnugur er á svæðinu sagði myndirnar ekki gefa raunhæfa mynd af því. Um aðra myndina sagði hann til dæmis:

Mér finnst þessi mynd svolítið villandi, vegna þess að svæðið, stór hluti svæðisins, er miklu meira gróið heldur en sést á þessari mynd. Það er nú sennilega sunnan við línuna, en línun er svona á norðurkantinum á svæðinu sem er mest gróið.

Inn á myndina vantar sem sagt línu sem er til staðar en, líkt og annar þátttakandi bendir á, er sá valkostur ekki í boði að nýta hana, heldur eru nýjar framkvæmdir og fleiri línur fyrirhugaðar á svæðinu. Þá kölluðu þátttakendur eftir skýringarmyndum, þ.e.a.s. teikningum af fyrirhugðum framkvæmdum á verndarsvæðinu sem gerði þeim kleift að meta aðstæður betur.

Kort af svæði

Þessu næst var mynd af korti til umræðu í hópnum. Tvær línur eru teiknaðar inn á kortið Hólasandslína 3 sem er merkt með dökkbláum lit og Laxarlína 1 sem er lituð gul. Í textanum sem fylgir kortinu er talað um „hækkun á rafmagnsreikningi á mánaðargrundvelli til framtíðar sem dregur úr möguleikum [þátttakenda] til að kaupa aðrar vörur og þjónustu“. Rýnihópurinn var á einu máli um að textinn væri bæði „leiðandi“ og „neikvæður“. Þátttakendur sögðu textann

beinlínis til þess ætlaðan að beina fólki til að velja ódýrari valkostinn og nokkrir þátttakenda sögðust því í hafa gert það. Þá voru litirnir á línunum taldir leiðandi og kallað eftir hlutlausara litavali. Í því samhengi var því velt upp af hverju byggðarlínan væri ekki líka teiknuð inn á kortið og bent á að lengd línanna allra mætti vera nefnd til upplýsinga. Loks var spurt af hverju nýjar framkvæmdir væru fyrirhugaðar á svæðinu og hvort það væri ekki möguleiki að nýta eitthvað af þeim línunum sem fyrir eru.

Valtilraun

Síðustu myndirnar sem varpað var upp og rætt um, voru myndir sem skýra áttu valkost A og B á milli jarðstrengs og loftlínu á svæði I og II. Þar ber fyrst að nefna að þátttakendur kölluðu eftir korti af báðum svæðum sem um ræðir. Rýnihópurinn var sammála um að eini skýri munurinn sem þátttakendur gátu valið um var kostnaður, og aftur töldu þeir spurninguna leiðandi í átt til ódýrari kostar fyrir almenning. Fólk sem áttar sig ekki á myndasamsetningunni, framkvæmdum og áhrifum þeirra velji sjálfkrafa ódýrari kostinn. Til þess að ná fram vali sem gefi raunhæfa mynd af vilja fólks og skoðunum á raforkuframkvæmdum í íslenskri náttúru þurfi því að útfæra myndir, texta og teikningar mun betur. Kostnaðartölur voru einnig taldar með öllu óraunhæfar og ekki í samræmi við fyrirhugaðar framkvæmdir. Þannig segir t.a.m. einn þátttakandi:

Þegar ég horfi á þetta, þá er talað um að þetta sé sjötíu og eitthvað þriggja kílómetra löng lína. Og allar burðarlínur á Íslandi eru væntanlega eitthvað á annað þúsund kílómetrar. Þannig að hvernig getur 75 kílómetra kafli kostað 1000 kall? Þá ætti mánaðarreikningurinn minn að vera svona 25 þúsund kall á mánuði. Þannig að þessar tölur eru bara engan veginn raunhæfar.

Í stóra samenginu sé því, líkt og einn þátttakandi orðar það „eins og þessi lína sé afsökun fyrir því að þeir geti hækkað reikninginn rosa mikið“. Einn þátttakandi benti á að aðgreina mætti myndirnar betur og gera skýrari greinarmun á svæði I og II og skýra vel hvað áætlað er að gera á hvoru svæði fyrir sig.

Af ofangreindu má vera ljóst að þátttakendur rýnihópsins kölluðu eftir töluverðri breytingu á könnuninni svo sem nánar upplýsingum, skýrari myndum, teikningum og haldgóðum útskýringum sem og betri rökfærslu fyrir kostnaðartölum. Einn þátttakenda taldi jafnvel betra að tala „bara um hækkun“ og sleppa krónuverði þar sem uppgefin hækkun í krónum sé ótrúverðug.

Í lok rýnnar ræddu þátttakendur gildi þess að leggja könnun sem þessa fyrir almenning. Í heildina var rýnihópurinn sammála um að innihald könnunarinnar



Í sinni núverandi mynd væri of flókið fyrir almenning. Hér væri um að ræða málefni sem krefðist sérhæfðar þekkingar og því væri ekki raunhæft að byggja ákvarðanatöku um málefnið á könnun sem almenningur skildi ekki til hlítar. Með því væri í raun verið að velta ábyrgð á stóru og miklu verkefni með tilheyrandi umhverfissraski og kostnaði yfir á leikmenn. Könnun sem almenningur gæti tekið þátt í þyrfti að vera „miklu almennari“.



HEIMILDIR

Bogdan, R. C. og Biklen, S. K. (1998). *Qualitative research in education: An introduction to theory and methods*. Boston: Allyn & Bacon.

King, N. (2012). Doing template analysis. Í G. Symon og C. Cassel (ritstjórar). *Qualitative organizational research: Core methods and current challenges*. Los Angeles: SAGE Publications.